

HAMPIÐJAN

VERSLUN

ALLT Á EINUM STAD

Ólafsbraut 19 · 436 1214 · www.voot.is

JÖKULL

1145. tbl - 25. árg.

30. janúar 2025



Úthlutun úr Uppbyggingasjóði



Fyrri úthlutun ársins 2024 úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands fór fram föstudaginn 24. janúar í Fjölbautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði. Sjóðurinn er hluti af Sóknaráætlun Vesturlands og endurspeglar þessi fyrri úthlutun áframhaldandi stuðning sjóðsins við nýsköpun, atvinnuþróun og menningu á Vesturlandi. Alls bárust 111 umsóknir fyrir þessa úthlutun en frá árinu 2015 hefur sjóðurinn veitt styrki fyrir rúmlega 650 milljónir króna til yfir 570 verkefna.

Úthlutunarnefnd sjóðsins hefur það hlutverk að taka endanlegar ákvarðanir um styrkveitingar en nefndin fær tillögu frá fagráði menningar og fagráði atvinnu og nýsköpunar sem meta allar umsóknir. Í ár fengu 68 verkefni styrk fyrir samanlagt 48,5 milljónir króna. Verkefni sem hlutu styrk falla undir þrjá flokka,

menningarstyrki, stofn- og rekstrarstyrki menningarmála og styrki til atvinnu- og nýsköpunarverkefna.

Til atvinnu- og nýsköpunarverkefna var úthlutað 11,5 milljón króna til alls 15 verkefna, menningarstyrkir voru veittir fyrir samtals 32,2 milljónir króna til 47 verkefna og loks var 4,7 milljónum króna úthlutað í 6 stofn- og rekstrarstyrki til menningarmála. Af þeim 68 verkefnum sem hlutu styrk úr sjóðnum rötuðu þrjár atvinnu- og nýsköpunarstyrkir til Grundarfjarðar og Snæfellsbæjar, fýsileikatilraun til endurnýtingar glatvarma úr gagnaveri við Klumbu á vegum Stormur Datacenters ehf hlaut 2.200.000 krónur, 500 þúsund krónur fóru til Sóley Saumar og annað eins til Svæðisgarðsins Snæfellsjökuls fyrir verkefnið Snæfellsnes á samfélagsmiðla. Himinbjörg, 3 veggir

listrými hlaut menningarstyrk fyrir 750.000 krónur, Listvinafélag Grundarfjarðarkirkju hlaut 300.000 krónur fyrir tónleikaröð í Grundarfjarðarkirkju og Elva J. Thomsen Hreiðarsdóttir hlaut 300.000 krónur fyrir verkefnið Bergmál - Ekko. Sjóminjasafnið

á Hellissandi fékk svo 700.000 krónur í stofn- og rekstrarstyrkir á sviði menningar. Í ágúst verður aftur opnað fyrir umsóknir í seinni úthlutun ársins í flokki atvinnu- og nýsköpunarstyrkja.

SJ

**Eigum 2 100 fermetra bil til sölu,
iðnaðarbil Letisundi 3, Rifi.
Getum útvegað 100% lán.**

Áhugasamir hafið samband við Kristján Guðmundsson
Þjónustustofunni S: 896 3867 eða vegr@vegr.is



vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Undirbúningur þorrablóts í Klifi

Árlegt þorrablót Lionsklúbba í Ólafsvík, Kvenfélags Ólafsvíkur, Áttahagafélags fróðhreppinga og Leikfélagsins Laugu verður haldið 1. febrúar í Klifi. Miðasala á blótið gengur vonum fram og má því búast við mikilli stemmingu í ár. Hljómsveitin Babies flokkurinn mun sjá um að halda uppi stuðinu á ballinu og Sker Restaurant eldar dýrindis þorramat ofan í gesti. Þorrablótnefnd er skipuð frábæru fólki í ár og hlakka þau til að sýna þorrablótsgestum afrakstur vinnu undanfarna vikna. Á Facebook síðu þorrablótnefndarinnar sem heitir Þorrablót í Klifi má finna myndbönd og annað efni sem sýnir frá undirbúningnum en nefndarmeðlimir hafa verið duglegir að sýna frá ferlinu.

JJ



Starfsmaður í eldhúsi á Jaðri

Á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Jaðri er laus staða starfsmanns í eldhúsi. Staðan er laus frá 1. maí. Um er að ræða 55% starfshlutfall þar sem unnið er aðra hverja viku mánudags - sunnudags.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Sveigjanleiki, áreiðanleiki og stundvísi
- Reynsla í matreiðslu
- Frumkvæði í starfi og sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta

Á Jaðri eru samtals 19 hjúkrunar-, og dvalarrými. Heimilið var stækkað árið 2011 og er aðstaða íbúa og starfsmanna mjög góð.

Laun eru greidd skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Sigrún Erla Sveinsdóttir, forstöðumaður í s. 433-6933 og á sigrunerla@snb.is

Umsóknir skulu berast í gegnum umsóknarvef Snæfellsbæjar



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Sundlaugin opin í janúar



Sundlaug Grundarfjarðar stendur á tímamótum nú þegar Grundarfjarðarbær skiptir um orkugjafa. Í áratugi hafa skóla- og íþróttamannvirki bæjarfélagsins verið kynnt með olíu og aðgangur að sundlauginni takmarkaður yfir köldustu mánuðina. Nú er tíðin önnur eftir að borað var fyrir varmasöfnunarholum og 5 varmadælum komið fyrir. Í fyrsta sinn er Sundlaug Grundarfjarðar opin í janúar, þar sem nýju varmadælnar sjá til þess að vatnið heldur þægilegu hitastigi, jafnvel á kaldari mánuðum ársins. Nýji orkugjafinn var prufukeyrður þann 18. janúar og útilaugin þá 33°

í fallegu vetrarveðri. Pottarnir, vaðlaugin og saunan náðu líka að verma sundlaugagestum. Þetta er ekki aðeins frábær nýjung fyrir sundlaugagesti, heldur einnig mikilvægur áfangi fyrir bæjarfélagið í átt að sjálfbærni og orkusparnaði. Varmadælnar sem nú keyra laugin, nýta jarðvarma og aðra endurnýjanlega orkugjafa til að halda vatninu heitu, sem bæði dregur úr kostnaði og minnkar umhverfisáhrif. Sundlaugin verður opin áfram á meðan hiti er í henni og eru bæjarbúar og gestir hvattir til að nýta sér tækifærið og taka sundsprett.

SJ

Seinkað jólamót í frjálsum

Jólamót HSH í frjálsum íþróttum átti að fara fram í Íþróttahúsinu í Stykkishólmi þann 8. desember 2024. Mótinu var frestað um óákveðinn tíma vegna appelsínugulrar viðvörunar sem gerði vart við sig á Snæfellsnesi þennan dag. Sunnudaginn 26. janúar var þráðurinn tekinn upp að nýju og en þá var Janúarmót HSH haldið. Líkt og skipulagt hafði verið fór mótið fram í íþróttahúsinu í Stykkishólmi og tóku iðkendur af Snæfellsnesinu öllu þátt.

HSH býr að góðum þjálfurum en þær Ingunn Ýr Angantýsdóttir frá Snæfellsbæ, Kristín Halla Haraldsdóttir frá Grundarfirði og Björg Gunnarsdóttir frá Stykkishólmi halda utan um starfið og mættu með iðkendum á mótið.

60 þátttakendur kepptu í langstökki, kúluvarpi og 30 metra hlaupi og stóðu þau sig með miklu þrýði. Allir þátttakendur fengu þátttökuverðlaun að mótinu loknu.

SJ



D

FUNDARBOÐ

Kjör fulltrúa á Landsfund

Fundur er boðaður í:

- Sjálfstæðisfélagi Ólafsvíkur og nágrennis
- Snæfelli, sjálfstæðisfélagi Hellissands
- Forseta, félagi ungra sjálfstæðismanna í Snæfellsbæ
- Fulltrúaráði sjálfstæðisfélaganna í Snæfellsbæ

**Fimmtudaginn 6. febrúar 2025, kl. 20.00
í Áttthagastofu Snæfellsbæjar.**

Dagskrá fundarins:

Kjör fulltrúa á Landsfund Sjálfstæðisflokksins sem fram fer 28. febrúar til 2. mars 2025.

Þeim sem hafa áhuga á að sitja Landsfund er bent á að hafa samband við:

Örvar Mátteinnsson	863-5026
Björn Arnaldsson	863-1153
Ólaf Rögnvaldsson	892-1344

**FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700
www.fmis.is



Próun íbúafjölda í Snæfellsbæ

I Jökli 16.1. var greint frá fjölgun íbúa. Þeir eru nú 1748. Fjölgun er að sjálfsögðu ánægjuefni. Hins vegar væri mjög upplýsandi að fá ítarlegri upplýsingar. Hver er skipting í karla og konur í sveitarfélaginu? Hver er aldersdreifing? Hvert er til dæmis hlutfall 20 til 30 ára miðað við önnur sveitarfélög. Hlutfall erlendra ríkisborgara á Vesturlandi öllu er nuna 17.6% og hefur farið hækkandi

undanfarin ár. Hvert er hlutfallið í Snæfellsbæ og hvernig hefur það þróast? Öll sveitarfélög verða að vera aðlaðandi fyrir ungt fólk með börn. Hvernig stendur Snæfellsbær sig hvað þetta varðar? Öll þessi atriði og mörg fleiri skipta máli þegar staða sveitarfélagsins er metin.

*Hrafn Arnarson
Búsettur í Reykjavík.
Brotfluttur Ólsari.*




Funduðu með ráðherra

Mánudaginn 27. janúar fór Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar ásamt stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum á fund Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Í stjórninni situr Kristinn ásamt Írisi Róbertsdóttir, bæjarstjóra Vestmannaeyja, Birni Ingimarssyni, sveitastjóra Múlaþings, og Gerði Björk Sveinsdóttur, bæjarstjóra Vesturbyggðar.

Jóhann Páll Jóhannsson, Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, tók á móti þeim ásamt starfsmönnum ráðuneytisins. Sköpuðust þar góðar umræður um mörg mál er varða köld svæði landsins en þar búa um 10% landsmanna. Var lögð sérstök áhersla á að skipta orkumarkaðinum á Íslandi upp í tvo samkeppnismarkaði, þá lýstu þau yfir miklum áhyggjum af þeim umtalsverðu hækkunum sem hafa orðið á verði raforku til almennings og minni fyrirtækja. Raforkuöryggi almennings og minni fyrirtækja er ekki tryggt með lögum og líkt og



fjallað var um í síðasta tölublaði Jökuls hefur raforkuverð hækkað mikið á nýju ári. Var stjórninni vel tekið í ráðuneytinu og gengu allir sáttir frá borði eftir góðan fund. SJ

 Jökull Bæjarblað
 steinprent@simnet.is
 436 1617



Bifreiðaverkstæði /Egis.
Rifl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

Skák á netinu

Taflfélag Snæfellsbæjar kynnti á dögunum nýjung innan félagsins en sett hefur upp svæði fyrir ungmenni inni á www.chess.is. Þar er hægt að skrá sig inn sér að kostnaðarlausu, leysa skákþrautir og tefla við jafningja víðsvegar um heiminn. Félagar Taflfélags Snæfellsbæjar heim sóttu Grunnskóla Snæfellsbæjar á dögunum og kynntu verkefnið fyrir nemendum í 5. til 10. bekk. Inni á vefsíðunni geta ungmennin einnig gengið til liðs við Taflfélag Snæfellsbæjar og tekið þar þátt í reglulegum mótum. Fyrsta netmót Taflfélagsins var haldið sunnudaginn 26. janúar í tilefni Skák dagsins en Friðrik Ólafsson, fyrsti skákmeistari Íslendinga, á afmæli þennan dag og varð hann níræður í ár. 15

ungmenni tóku þátt í mótinu sem gekk vonum frammar en með þessu eru félagar Taflfélagsins að höfða til yngri kynslóðarinnar með von um að auka skáklífið og eignast einhverja gullmola sem byrja að mæta á æfingar. Spilaðar voru sjö umferðir og fór Stefán Karel með sigur úr bítum, Sævar Hjalti lenti í 2. sæti og Elma Lía hreppti þriðja sætið. SJ



Sindri lenti í 8. sæti



Líkt og fram kom í síðasta tölublaði Jökuls keppti Sindri Guðbrandur Sigurðsson í Bocuse d'Or, heimsmeistarakeppni einstaklinga í matreiðslu, sem fór fram í Lyon í Frakklandi 26. til 27. janúar. Alls kepptu 24 þjóðir til úrslita eftir að hafa unnið sér inn þátttökurétt í undankeppnum í sínum heimsálfum. Sindri Guðbrandur hreppti 8. sætið í keppninni en þátttakendur í Bocuse d'Or eru meðal fremstu matreiðslumanna sinna landa.

Keppnin er því hörð og miklar kröfur gerðar til keppenda. Sindri hafði 5 og hálf klukkustund til þess að matreiða fiskrétt og kjötrétt fyrir 24 dómara og var afraksturinn sannkallað listaverk. Sindri hafði gott lið með sér en aðstoðarmaður hans var Hinrik Örn Halldórsson og Sigurjón Bragi Geirsson var þjálfari liðsins. Þá sat Þráinn Freyr Vigfússon í dómarasætinu á Bocuse d'Or 2025 fyrir hönd Íslands. SJ

Gjaldskrá fyrir hundahald í Snæfellsbæ

1. gr.

Leyfi til hundahalds

Sækja þarf um leyfi fyrir alla hunda, einnig hunda sem af einhverjum ástæðum eru undanþegnir leyfisgjaldi.

2. gr.

Um leyfisgjöld

Snæfellsbær innheimtir gjöld vegna hundahalds samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Snæfellsbæ, nr. 757/2007.

3. gr.

Skráningargjald

Við leyfisveitingu skal innheimta gjald sem hér segir:

- Fyrsta leyfisveiting, kr. 25.680.-
- Leyfisveiting eftir útrunninn frest, kr. 34.615.-

Frestur til að skrá hunda er 2 vikur eftir að hundur er tekinn inn á heimili, en hvolpa skal skrá eigi síðar en þegar þeir ná þriggja mánaða aldri.

4. gr.

Eftirlitsgjald

Af leyfðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

- Fyrir hvern hund, kr. 19.260.-

Ekki er innheimt eftirlitsgjald sama ár og hundur er skráður.

Innifalið í eftirlitsgjaldi hunda er greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu, merkisgjald, heilbrigðissskoðun dýralæknis og árleg ormahreinsun, ásamt umsýslugjaldi sveitarfélagsins.

5. gr.

Handsömunargjald

Við afhendingu handsamaðra hunda skal innheimt handsömunargjald sem hér segir:

- Fyrsta afhending hunds, kr. 19.840.-
- Önnur afhending hunds, kr. 39.700.-
- Þriðja afhending hunds, kr. 59.500.-
- Fyrsta afhending hunds sem ekki er skráður, kr. 39.700.-

Óheimilt er að afhenda óskráða hunda nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu.

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggs á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferðakostnaðar handsamaðs hunds.

- Verð pr. sólarhring pr. hund, kr. 4.225.-

6. gr.

Undanþágur frá leyfisgjaldi

Undanþága frá eftirlitsgjöldum er veitt sem hér segir:

- vegna minkahunda og smalahunda á lögbyllum,
- vegna hjálparhunda fyrir fatlaða einstalinga,
- vegna leitarhunda. Leitarhundur er undanþeginn leyfis- og eftirlitsgjaldi ef viðkomandi hundur hefur að minnsta kosti B-viðurkenningu sem gefin er út af viðurkenndum leiðbeinanda. Ljósrit af slíkri viðurkenningu skal afhent við umsókn um niðurfellingu gjalda. Heimilt er að ógilda niðurfellingu gjalda sé hundurinn ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.

7. gr.

Afláttur á leyfisgjaldi

Hafi eigandi skráðs hunds lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi, viðurkenndu af heilbrigðisefirliti þar sem námskeiðið er haldið, er heimilt að veita 20% aflátt af gjöldum fyrir viðkomandi hund.

Framvísi eigandi tryggingaskirteini vegna ábyrgðartryggingar og kvittun frá dýralækni um að heilbrigðissskoðun og árleg ormahreinsun hafi farið fram annars staðar á kostnað eiganda, er heimilt að veita 10% aflátt af gjöldum fyrir viðkomandi hund. Þessum skirteinum skal skilað árlega.

8. gr.

Gjalddagi

Gjalddagi eftirlitsgjalds er 1. apríl ár hvert og eindagi 30. apríl. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Gjöld skv. gjaldskránni má innheimta með fjármámi.

Við afskráningu hunds er eftirlitsgjald endurgreitt í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

9. gr.

Annað

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, staðfestist hér með, samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um hundahald í Snæfellsbæ nr. 757/2007, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hundahald í Snæfellsbæ nr. 1475/2023.




Hagvísir SSV um aukaíbúðir

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi gaf út nýjan Hagvísi Vesturlands nýlega eftir Vífil Karlsson. Þar er fjallað um aukaíbúðir vítt og breitt um landið með áherslu á Vesturland. Aukaíbúð er íbúð í eigu aðila sem er búsettur í annarri íbúð. Heildarfjöldi íbúða í landinu var 157.551 í september 2024 og hafði þá fjölgað um 19% frá 2017. Aukaíbúðir voru 50.229 á sama tíma og hafði fjölgað um 11.781 eða 31% frá 2017. Aukaíbúðir voru þá 29% af heildarfjöldi íbúða á landinu. Aukaíbúðir voru hlutfallslega flestar á Suðurnesjum eða 43% og næstflestar á höfuðborgarsvæðinu, 33%. Þær voru hlutfallslega færstar á Norðurlandi vestra, 23%, og Vesturlandi en þar voru þær 25% af heildarfjöldi

íbúða. Árið 2024 voru aukaíbúðir í Snæfellsbæ 171 talsins eða 23,6% af þeim 723 íbúðum sem þar voru. Þá hafði þeim fækkað um 65 íbúðir frá árinu 2017 þegar aukaíbúðir voru 236. Í Grundarfirði voru þær hins vegar 70 talsins árið 2017 og fjölgaði um 33 íbúðir á næstu sjö árunum. Árið 2024 voru þær 103 talsins, þá 28,2% af heildarfjöldi íbúða í bæjarfélaginu. Í Hagvísinum er farið ítarlega í fjölda íbúða á hverjum stað og þá með tilliti til íbúða í eigu innlendra aðkomumanna, innlendra aðkomufélaga, erlendra aðila sem og aukaíbúða heimamanna og heimafélaga. Hagvísinn má finna í heild sinni á heimasíðu Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.

SV



Mynd 7: Breyting á aukaíbúðahlutfelli aðkomuabíla á milli árunna 2017 og 2024. Gögn IMS og Þróðskrár.



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímamantanir í síma 436-1111

Hilmar hættir sem skólastjóri

Hilmar Már Arason skólastjóri sendi starfsfólki Grunnskóla Snæfellsbæjar auk foreldra grunnskólabarna tilkynningu í síðustu viku þar sem fram kom að hann hafi ákveðið að segja upp stöðu sinni við skólann, frá og með næsta skólaári.

Í tilkynningunni kemur fram að Hilmar telur stöðu skólastarfsins vera góða, skólinn sé vel mannaður, metnaður í starfsfólki og skólasamfélaginu öllu til að gera vel, eins og verkin sýna og sanna. Hilmar segist einnig hafa verið svo lánsamur að vera hluti af þessu góða samfélagi sem honum finnst hafa verið algjör

forréttindi.

Hilmar er að ljúka sínu tíunda skólaári sem skólastjóri og vill hann taka það fram að það eru engar neikvæðar tilfinningar sem bærast með honum, er ekki þreyttur, pirraður, reiður né óánægður. Þetta hafi verið erfið ákvörðun en hann er sannfærður um að hún sé rétt með tillit til þróunar skólastarfsins.

Aðspurður sagði Hilmar framtíðina vera óljósa og ekki ákveðið hvað tekur við þegar þessum kafla lýkur.

JÓ

Lífið er núna



Lífið er núna dagurinn verður haldinn í þriðja sinn þann 30. janúar næstkomandi. Tilgangur dagsins er að minna fólk á að staldra aðeins við, njóta líðandi stundar og gefa sér tíma. Einnig er tilvalið að nýta daginn og láta gott af sér leiða, hrósa fólk og sjálfum sér.

Kraftur, stuðningsfélag ungs fólks með krabbamein og aðstandenda þeirra, stendur fyrir deginum og hvetur félagið fólk og vinnustaði að gera appellsínugula litnum hátt undir höfði og minna hvort annað á að Lífið er núna.

Í tilefni dagsins er félagið einnig með vitundarvakningu á heimasíðu sinni þar sem finna má viðtal við Pétur Steinar Jóhannsson sem greindist með eitilfrumukrabbamein þegar hann var 23. ára. Pétur Steinar er uppalinn og býr í Snæfellsbæ. Í viðtalinu segir Pétur Steinar frá reynslu sinni af veikindunum, meðferðinni og áhrifin sem Kraftur hafði á hann og fjölskyldu hans. Fullt viðtal má finna á vefsíðunni www.lifidernuna.is/petur.

JJ

Gjaldskrá fyrir kattahald í Snæfellsbæ

1. gr.

Leyfi til kattahalds

Sækja þarf um leyfi fyrir alla ketti, en einungis eru leyfðir tveir fullorðnir kettir á hverju heimili.

2. gr.

Um leyfisgjöld

Snæfellsbær innheimtir gjöld vegna kattahalds samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hunda- og kattahald í Snæfellsbæ, nr. 757/2007.

3. gr.

Skráningargjald

Við leyfisveitingu skal innheimta gjald sem hér segir:

- Fyrsta leyfisveiting, kr. 13.100.-
- Leyfisveiting eftir útrunninn frest, kr. 18.675.-

Frestur til að skrá ketti er 2 vikur eftir að köttur er tekinn inn á heimili, en kettlinga skal skrá eigi síðar en þegar þeir ná þriggja mánaða aldri.

Innifalið í eftirlitsgjaldi katta er greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu, heilbrigðisskoðun dýralæknis og árleg ormahreinsun, jafnframt merkisgjald og umsýslugjald sveitarfélagsins.

4. gr.

Eftirlitsgjald

Af leyfðum köttum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

- Fyrir hvern kött, kr. 10.600.-

Ekki er innheimt eftirlitsgjald sama ár og köttur er skráður.

5. gr.

Handsömunargjald

Við afhendingu handsamaðra katta skal innheimt handsömunargjald sem hér segir:

- Fyrsta afhending kattar, kr. 12.625.-
- Önnur afhending kattar, kr. 25.250.-
- Fyrsta afhending kattar sem ekki er skráður, kr. 25.250.-

Óheimilt er að afhenda óskráðan kött nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu.

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggs á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferðakostnaðar vegna handsamaðs kattar.

- Verð pr. sólarhring pr. kött, kr. 2.400.-

6. gr.

Afsláttur af eftirlitsgjaldi

Framvísi eigandi tryggingaskirteini vegna ábyrgðartryggingar og kvittun frá dýralækni um að heilbrigðisskoðun og árleg ormahreinsun hafi farið fram annars staðar á kostnað eiganda, er heimilt að veita 10% afslátt af eftirlitsgjöldum fyrir viðkomandi kött. Þessum skirteinum skal skilað árlega.

7. gr.

Gjaldldagi

Gjaldldagi eftirlitsgjalds er 1. apríl ár hvert og eindagi 30. apríl. Dráttarvextir reiknast frá gjaldldaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunargvarnir, nr. 7/1998. Gjöld skv. gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu kattar er eftirlitsgjald endurgreitt í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

9. gr.

Annað

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, staðfestist hér með, samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunargvarnir, samanber samþykkt um hunda- og kattahald í Snæfellsbæ nr. 757/2007, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir kattahald í Snæfellsbæ nr. 1485/2022.



KJÖRBÚÐIN

HEILSU
DAGAR



30. janúar – 12. febrúar

Allt að **40% appsláttur**
af völdum vítamínum
og heilsuvörum.

